

10. fundur

15. janúar 2018

1606030SA

Málalykill: 16.03

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaganna innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 15. janúar 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár og eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Reglur starfsþróunarnefndar

Fyrsta útgáfa af reglum starfsþróunarnefndar ásamt listum yfir námskeið samþykkt. Reglur og listar verða birt á heimasíðum sambandsins og stéttarfélaganna.

Til áréttingar er nefndin sammála að halda áfram útfærslu á samsettum námskeiðum sem nýtast ákveðnum hópum starfsfólks.

2. Óskað verður eftir að fulltrúi Fræðslunefndar atvinnulífsins mæti á næsta fund nefndarinnar til að ræða endurskoðun á námskrá skólaliða.

Næsti fundur nefndar verður 29. janúar kl. 10.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00